

Dansþing Dansífróttasambands Íslands 2026 haldið 18. maí að Engjavegi 6 í Laugardal, Reykjavík.

Dagskrá Dansþings samkvæmt lögum DSÍ:

a. Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög DSÍ.

Atli Már Sigurðsson varaformaður DSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

b. Kosning þingforseta og þingritara.

Stungið var uppá Valdimar Leó sem þingforseta og Halldóru S. Guðvarðardóttir sem þingritara og var það samþykkt einróma. Tóku þau strax til starfa.

c. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þórhallur Guðmundsson, Heiðrún Níelsdóttir og Tinna K. Guðbjartsdóttir voru kosin í kjörbréfanefnd. Þau tóku strax til starfa.

d. Skýrsla stjórnar.

Atli Már Sigurðsson varaformaður DSÍ flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1.

Þórhallur Guðmundsson kynnti niðurstöður kjörnefndar. Mættir fulltrúar 33 einstaklingar.

HK 4 mættir af 4, DÍK 10 mættir af 10, Hvönn 9 mættir af 9, DÍH 8 mættir af 8, DR 2 mættir af 2.

e. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.

Atli Már Sigurðsson varaformaður kynnti endurskoðaða reikninga, sjá fylgiskjal 2.

f. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Ellen DÍK spyr út í lögfræðikostnað. Helga Björg fyrrum formaður og Kara svara.

Laga þarf ártöl í skýrslu stjórnar.

g. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins borin undir atkvæðagreiðslu

Samþykkt samhljóða

h. Fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

Atli Már Sigurðsson kynnti fjárhagsáætlun, sjá fylgiskjal 3.

i. Ávörp gesta

Engin ávörp voru

j. Tillögur mótanefndar um tímasetninga dansíþróttamóta DSÍ næsta keppnistímabil.

23. jan RIG og Íslandsmót í standard dönsum

14. mars Íslandsmót í latin dönsum, grunnsporamót og bikarmót í efsta getustigi

24.-25. Íslandsmeistaramót í 10 dönsum, grunnsporamót og Íslandsmót hjá efsta getustigi og DSÍ Open standard og latin.

Þessu var vísað til stjórnar til skoðunar og afgreiðslu.

Athugasemd kom frá HK að hafa ekki mótin á laugardögum út af barnahópunum.

k. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Engar tillögur bárust og því datt þessi liður út.

l. Kosning formanns

Tveir voru í framboði, Hreggviður Símonarson DÍK og Hólmar Freyr Christinasson Hvönn. Úrslit kosningar: Hreggviður 22 atkvæði, Hólmar 11 atkvæði.

m. Kosning í stjórnar

Hólmar Hvönn og Kara í DR voru tvö í framboði og eru því sjálfkjörin

n. Kosning í varastjórn

Bjarki Már, Hvönn og Dröfn Kærnested, DÍK voru tvö í framboði og því sjálfkjörin.

o. Kosning skoðunarmenn reikninga.

Heiðrún Níelsdóttir og Þórhallur Guðmundsson voru kosin.

p. Önnur mál

Tinna úr Hvönn kom og talaði um og óskaði eftir betra samstarfi við stjórn, meir og betri upplýsingafæði, erindum oft svarað seint, fundargerðir ekki settar inn fyrr en seint og síðarmeir. Ef breyta á reglum þarf meiri fyrirvara.

Ellen DÍK talaði um stóra málin á mótum, það þarf að vera nóg af sætum fyrir áhorfendur. Benti líka á að stjórnin þarf að skoða reikningana sína og fá betri vexti.

Atli Már svarar og þakkar fyrir góðar umræður. Hann bendir á að stjórninni vanti fólk í nefndir. Ef ekki fáist fólk til að starfa með sambandinu dettur það nefndirnar um sjálft sig.

Hreggviður nýr formaður veitir Bergrúnu fyrrum framkvæmdastjóra Gullmerki DSÍ fyrir sín frábæru störf í þágu dansíþróttarinnar.

q. Þingslit

Hreggviður formaður þakkar fyrir gott þing og góðar umræður og slítur þingi.